

Minnisblað

Viðtakandi: **Forsætisráðherra**

Sendandi: **Formaður VR**

Dags. **12. maí 2025**

Málsnr. **2505118**

Efni: **Áherslumál VR**

Minnisblað þetta er lagt fram á fundi formanns VR, Höllu Gunnarsdóttur, með forsætisráðherra, Krístrínu Frostadóttur, og er tilgangur þess að reifa þau mál sem VR telur mikilvægt að vekja athygli forsætisráðherra á.

Húsnæðismál

VR hefur um árabil lagt þunga áherslu á húsnæðismál, sem eru stærsta kjaramál launafólks. Því miður hefur sú stefna fengið að viðgangast að líta á húsnæði sem fjárfestingavöru og hefur það haft þær afleiðingar að þorri launafólks býr við óhóflegan húsnæðiskostnað, hvort sem er til leigu eða eignar. Hávaxtastefna Seðlabankans hefur reynst launafólki sérlega skaðleg og það er mat VR að sú stefna sé háþólitísk og henni sé beinlínis ætla að tryggja að leigjendur og skuldarar beri byrðarnar af óáran í efnahagsmálum. VR lítur svo á að eitt mikilvægasta verkefni stjórnvalda sé að tryggja að launafólk hafi aðgang að húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

VR telur forgangsmál að koma böndum á leigumarkað og hefur lagt sitt af mörkum með uppbyggingu íbúðafélagsins Blævar. Stjórnvöld hafa ítrekað gefið loforð um að bæta réttarstöðu leigjenda en nauðsynlegt er að koma á leigubremsu og auka húsnæðisöryggi leigjenda. VR styður heilshugar áframhaldandi uppbyggingu innan Bjargs – íbúðafélags og telur jákvætt að stjórnvöld vilji reisa skorður við skammtímaútleigu, en vöxtur hennar hefur mjög slæm áhrif á bæði eigna- og leigumarkað.

Atvinnuleysistryggingar

Stjórn og trúnaðarráð VR hafa fjallað um áform félags- og húsnæðismálaráðherra um að stytta tímabil atvinnuleysistrygginga og er hér með komið á framfæri eindregnum mótmælum við þau áform. Áformin eru illa rökstudd og ljóst er að VR getur ekki fellt sig við að réttindi launafólks séu skert án formlegs samráðs við verkalýðshreyfinguna. VR hvetur stjórnvöld til að falla frá þessum áformum þegar í stað.



Hugmyndir um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara

Stjórn VR hefur varað eindregið við tillögum starfshóps forsætisráðherra um hagræðingu í ríkisrekstri sem lúta að endurskoðun á vinnumarkaðslöggjöfnni, útvistun eftirlits á vinnumarkaði og skerðingu á réttindum opinberra starfsmanna. VR áréttar að breytingar á vinnumarkaðslöggjöfnni verða að vinnast í sátt og samráði við verkalýðshreyfinguna.

Hugmyndir SA um auknar valdheimildir ríkissáttasemjara eru skammsýnar að mati VR og myndu vega að samingafrelsi á vinnumarkaði og kollvarpa því vinnumarkaðslíkani sem hefur verið við lýði hér á landi undanfarna áratugi. Forsenda þess að ná fram sátt á vinnumarkaði er að launafólk semji um kaup og kjör á eigin forsendum og í virku samtali við atvinnurekendur. Það er ótækt að úthýsa þeirri ábyrgð til erindreka ríkisvaldsins.

Málefni barnafjölskyldna

VR hefur þungar áhyggjur af málefnum barnafjölskyldna, ekki síst vegna stöðunnar í húsnæðismálum. VR hefur gert úttekt á þeim kostnaði sem leggst á foreldra vegna ungra barna og hann hleypur hæglega á milljónum króna frá því að barn fæðist og þar til grunnskólaganga hefst. Það er mikilvægt að stjórnvöld standi við áform sín um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og það er ljóst að vandi leikskólastigsins verður ekki leystur nema með aðkomu ríkisins.